



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **SAMÚÐARKVEÐJA TIL LÍBANA**

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson sendi í dag, miðvikudaginn 5. ágúst 2020, samúðarkveðju sína og íslensku þjóðarinnar til Michel Aoun forseta Líbanons í tilefni af hinni mannskæðu sprengingu í Beirút, höfuðborg landsins.

Forseti sagði að hugur landsmanna væri nú með þeim sem söknuðu ástvina og hefðu misst heimili vegna þessa skelfilega atburðar og minnti á að íslensk stjórnvöld væru fús til að útvega aðstoð við björgunaraðgerðir.

*5. ágúst 2020*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).*